



**Ávarp forseta Íslands,
Ólafs Ragnars Grímssonar
á vígsluathöfn stækkunar álversins
í Straumsvík
17. október 1997**

Starfsfólk ÍSAL
Heiðruðu gestir.

Aldursforseti verkamanna og yngsti stjórnandinn hafa nú ásamt vaktstjóranum veitt mér liðsinni við að gangsetja hleifavélina og tengja saman þá krafta sem færa álið úr eldklæðum og breyta því í gljáandi hleifa, til útflutnings héðan um haf.

Liðsinni þeirra var táknrænt fyrir samstarf sem hér skilar í dag glæsilegu verki. Sú heild mannvirkja, tækja og hugbúnaðar sem blasir við augum er markverð staðfesting á framkvæmdagetu, áreiðanleika, skipulagshæfileikum og tæknikunnáttu íslenskra verktaka, sérfræðinga og starfsfólks alls.

Fallvötnin eru vissulega uppspretta aflsins sem beislað er til að auka framleiðslu og bæta lífskjör. Vígsla véla og mannvirkja hér í dag er þó fyrst og fremst vitnisburður um þær auðlindir verkhæfni og tæknikunnáttu sem við Íslendingar eigum í okkur sjálfum.

Þegar álvinnsla hófs á Íslandi og virkjanir voru reistar til að sækja orkuna í fang fallvatna varð að leita kunnáttu og verkstjórnar með öðrum þjóðum. Síðan hefur íslenskt þjóðfélag, efnahagslíf og tæknikunnátta tekið slíkum breytingum að nú veitum við öðrum löndum víða um veröld liðsinni um framfarir, orkunýtingu og iðnað.

Á fáeinum áratugum hefur þröng vígsstaða þjóðar með fábrotna atvinnuvegi breyst í fjölskrúðug tækifæri sem nýtt eru í krafti víðtækrar þekkingar og traustrar sannfæringar um eigin getu. Við veljum okkur nú samstarfsaðila á alþjólegum markaði sem öllum er opinn og metum í hvert sinn hvað hæfir best þjóð okkar og alhliða hagsmunum.

Sú veröld sem heilsar nýrri öld er ærið ólík þeirri sem frumkvöðlar að rekstrinum í Straumsvík þekktu af eigin raun. Nú eru framfarir ekki aðeins mældar á stíku arðs og tekna heldur einnig settar undir önnur mæliker. Gæði náttúru, lífríki jarðar, heilbrigði mannsins eru verðmæti sem á okkar tíð eru einnig sett á vogaskálar þegar ákvarðanir um atvinnuþróun framtíðar eru dagskrárefni.

Sambúð iðnaðar og náttúruauðlinda, samspil framfara og lífríkis eru vissulega meðal brýnustu viðfangsefna okkar tíma og mannkyn reynir nú að finna lausnir og viðmiðanir sem sátt getur skapast um með öllum þjóðum. Á þeim vettvangi þurfum við Íslendingar að sýna í senn gott fordæmi og trúverðugan málflutning.

Á undanförunum árum hefur Christian Roth fært okkur heim sanninn um að forstjóri álvers getur einnig verið öflugur liðsmaður náttúruverndar og fyrir það fordæmi vil ég þakka honum hér í dag.

Við merki hans hefur Rannveig Rist tekið með glæsibrag og við höfum stolt fylgst með stjórn hennar á þessu mikla iðjuveri, dáðst að einbeitni hennar við að fara nýjar leiðir. Það var vissulega lofsvert frumkvæði þegar stjórn Alusuisse-Lonza fól henni forystu í álverinu í Straumsvík.

Ég óska eigendum ÍSAL og starfsfólki öllu til hamingju með þá stækkun sem fagnað er í dag og vona að sá liðsauki sem efnahagslífið fær með aukinni framleiðslu verði þjóðinni allri til hagsbóta.